

Ed.

580. Frumvarp til laga

[281. mál]

um tannsmíði.

(Lagt fyrir Alþingi á 99. löggjafarþingi 1977—78).

1. gr.

Stofna skal tannsmíðaskóla sem rekinn skal í tengslum við tannlæknadeild Háskóla Íslands.

Fjögurra manna skólanefnd, er menntamálaráðherra skipar, skal fara með stjórn skólans og önnur þau störf sem henni eru falin með lögum þessum. Einn skólanefndarmanna skal skipa eftir tilnefningu háskólaráðs og skal hann vera formaður skólanefndar, annan eftir tilnefningu tannlæknadeildar Háskóla Íslands, þriðja eftir tilnefningu stjórnar Tannsmíðafélags Íslands, fjórða manninn í skólanefnd skulu nemendur kjósa á fundi í lok hvers kennsluárs. Þrír hinir fyrst töldu skulu skipaðir til fjögurra ára, en fulltrúi nemenda til eins árs í senn. Falli atkvæði jöfn í skólanefnd ræður atkvæði formanns. Varamenn skulu skipaðir með sama hætti.

Allan kostnað af rekstri skólans skal greiða úr ríkissjóði og skal semja sérstaklega við Háskóla Íslands um afnot af húsnæði og aðstöðu þar.

2. gr.

Menntamálaráðherra skipar fasta kennara skólans að fengnum tillögum skólanefndar og skal einn þeirra vera forstöðumaður hans.

Aðra kennara ræður skólanefnd í samráði við forstöðumann skólans.

Forstöðumaður skólans fer með daglega stjórn skólans. Hann skal sitja fundi skólanefndar og hefur þar málfrelsi og tillögurétt en ekki atkvæðisrétt nema hann sé einnig skólanefndarmaður.

3. gr.

Menntamálaráðherra skal setja reglugerð um tannsmiðaskólann að fengnum tillögum skólanefndar. Skal þar kveðið á um skipulag skólans, inntökuskilyrði, námsefni og próf. Þá skal í reglugerð þessari kveðið á um framhaldsnám og viðhaldsmenntun tannsmiða.

Fyrir upphaf hvers kennsluárs skulu skólanefnd og forstöðumaður skólans semja og birta skýrslu um náms- og kennslufræðingunum fyrir næsta kennsluár, svo og um framhaldsnám og viðhaldsmenntun tannsmiða.

4. gr.

Námstími tannsmiða skal vera þrjú ár. Námið skal vera bæði fræðilegt og verklegt. Hið verklega nám skal vera þriðjungur námstímans hið skemmsta. Skal það innt af hendi í tannsmiðaskólanum, á viðurkenndum tannsmiðastofum, sbr. 9. gr., eða hjá tannlækni sem hefur í þjónustu sinni tannsmið er hlotið hefur viðurkenningu skv. 8. gr., allt eftir ákvörðun skólanefndar.

5. gr.

Rétt til að kalla sig tannsmið og stunda tannsmiðar hér á landi hefur sá einn sem lokið hefur prófi frá tannsmiðaskólanum, sbr. þó 6. gr. og ákvæði til bráðabirgða I. Ákvæði þetta takmarkar ekki rétt tannlækna til að stunda tannsmiði.

Starf tannsmiða er hvers konar tæknileg framleiðsla og viðgerðir á gervitannbúnaði. Tannsmiðum er þó óheimil hvers konar vinna í munni sjúklings nema undir beinni umsjón tannlæknis og á ábyrgð hans, sbr. lög nr. 62/1947.

6. gr.

Skólanefnd tannsmiðaskólans getur veitt manni, er lokið hefur jafngildu tannsmiðanámi erlendis og að öðru leyti telst hæfur til starfans, starfsheimild er jafngildi prófi samkv. 1. mgr. 5. gr.

7. gr.

Þeir tannsmiðir, sem lokið hafa prófi, sbr. 1. mgr. 5. gr. eða fengið starfsheimild, sbr. 6. gr., mega stunda starf sitt hjá tannlæknum og á viðurkenndum tannsmiðastofum, sbr. 9. gr.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra getur þó heimilað slíkum tannsmið að starfa einum að fengnum meðmælum skólanefndar. Slíkt starfsleyfi skal vera tíma- bundið og takmarka má það við ákveðið landsvæði.

8. gr.

Tannsmiður, sem lokið hefur prófi samkv. 5. gr. og starfað að tannsmiðum um þriggja ára skeið hið skemmsta eftir lok náms og lokið framhaldsnámi við tannsmiðaskólann, getur fengið heimild til að veita forstöðu tannsmiðastofu, sbr. 9. gr. Sama rétt hafa tannsmiðir sem fengið hafa starfsheimild samkvæmt 6. gr. Skólanefnd veitir heimildir þessar.

9. gr.

Tannsmiðastofa nefnist það fyrirtæki þar sem unnið er að tannsmiðum og tannsmiður veitir forstöðu.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra veitir tannsmiðastofum rekstrarheimild að fengnum meðmælum skólanefndar tannsmiðaskólans.

10. gr.

Tannsmiðum ber að halda við þekkingu sinni og kynna sér helstu nýjungar er tannsmiðar varðar.

11. gr.

Brot gegn lögum þessum varðar sektum, varðhaldi eða fangelsi. Svipta má mann starfsréttindum vegna brota.

12. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Ákvæði til bráðabirgða.

I.

Tannsmiðir þeir, sem lokið hafa námi samkvæmt þeim reglum er gilt hafa fyrir gildistöku laga þessara, skulu innan 6 mánaða eftir gildistöku þeirra senda skólanefnd tannsmiðaskólans umsókn um starfsréttindi. Umsókn skulu fylgja nauðsynleg gögn um nám þeirra og störf.

Skólanefnd ákveður síðan hverjir skuli fá starfsréttindi samkvæmt 7. gr. og hverjir starfsréttindi samkv. 8. gr. Hafi tannsmiður fengið meistararéttindi fyrir gildistöku laga þessara telst hann fullnægja skilyrðum til að fá starfsréttindi samkvæmt 8. gr.

II.

Tannlæknar og meistarar í tannsmiðaiðn, sem hafa nema í tannsmiði við gildistöku laga þessara, skulu innan þriggja mánaða frá gildistöku þeirra tilkynna skólanefnd tannsmiðaskólans um nema sína og gefa upplýsingar um hvar hver nemi sé á vegi staddur í námi og senda skólanefndinni staðfest endurrit af námssamningi.

Nemar þessir mega halda áfram verklegu námi sínu hjá tannlækni eða tannsmiðameistara en skólanefndin skal sjá þeim fyrir fræðslu í bóklegu námi. Að loknum námstíma skulu nemar þessir ganga undir próf eftir ákvörðun skólanefndar.

Þar til tannsmiðaskólinn tekur til starfa er tannlæknum og tannsmiðameisturum einungis heimilt að taka til náms nema að fengnu samþykki skólanefndar. Um þessa nema skulu gilda reglur 2. mgr. eftir því sem við á. Heimilt er þó skólanefnd að slíta námssamningum þessara manna og gefa þeim kost á að setjast í tannsmiðaskólann.

Eftir að tannsmiðaskólinn er tekinn til starfa er tannlæknum og tannsmiðameisturum óheimilt að taka nema til tannsmiðaiðnnáms.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Frumvarpið er samið af nefnd sem menntamálaráðherra skipaði með bréfi 23. ágúst 1974 til að kanna „hvernig menntunar- og réttindamálum tannsmiða verði skipað með eðlilegustum hætti og semja lagafrumvarp um það efni“. Í nefndina voru skipaðir Benedikt Sigurjónsson, hæstaréttardómari, Eirný Sæmundsdóttir, tannsmiður, Magnús R. Gíslason, tannlæknir, Óskar Guðmundsson, framkvæmdastjóri, Sigurður Kristinsson, málaramestari, og Örn Pétursson, prófessor.

Nefndin skilaði tillögum sínum. Ráðuneytið sendi síðan tillögurnar til umsagnar eftirtalinna aðila:

Háskóla Íslands, Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytis, Iðnfræðsluráðs, Tannlæknafélags Íslands og Tannsmiðafélags Íslands.

Allir aðilar sendu inn umsagnir og athugasemdir nema Tannsmiðafélag Íslands sem hafnar frumvarpstillögunum alveg.

Ráðuneytið hefur gert smávægilegar breytingar á tillögum nefndarinnar að fengnum umsögnum umsagnaraðila. Í athugasemdum við frumvarpið segir nefndin:

„Ekki eru í gildi sérlög um tannsmíði og hafa mál þeirra verið nokkuð á reiki. Fyrr á árum mun hafa verið litið á tannsmíði sem iðngrein en menntun og starfs svið lækningastétta var þá lítt skilgreind. Munu menn hafa lært starf sitt hjá öðrum tannsmiðum eða almennum læknum sem fengust við tannlækningar. Tannlækna skortur var þá mikill hér á landi. Sett voru lög um tannlækningar, nr. 7/1929, sem enn eru í gildi að stofni til. Með lögum nr. 34/1932 var gerð breyting á 4. gr. laga nr. 7/1929 og segir þar að dómsmálaráðherra sé heimilt „með samþykki landlæknis að veita mönnum, er lokið hafa tannsmiðanámi, leyfi til að setja gervitennur og tanngarða í menn í samráði við héraðslækni í þeim læknishéruðum sem eru tannlæknislaus“. Nokkur leyfi voru veitt samkvæmt lagaheimild þessari og lögum nr. 47/1932 um lækningaleyfi o.fl. Mun svo hafa verið litið á að einungis þyrftu þeir tannsmiðir leyfi sem störfuðu sjálfstætt en ekki þeir sem störfuðu hjá tannlæknum. Lög nr. 34/1932 voru felld úr gildi með lögum nr. 62/1947 sem enn eru í gildi. Segir þar svo: „Öllum öðrum en tannlæknum eða þeim, sem tannlækningaleyfi hafa, er óheimilt að setja gervitennur og tanngarða í menn. Þetta nær þó ekki til lækna ef þeir sanna heilbrigðisstjórninni að þeir hafi aflað sér nægilegrar þekkingar í þessari grein og ekki til þeirra tannsmiða er þegar hafa fengið leyfi til að starfa sjálfstætt enda haldi þeir þá þessu leyfi fyrst um sinn þar til ákvæði verða sett í lögum um réttindi þeirra og skyldur“.

Talið er að hér á landi séu nú um 60 manns með tannsmiðamenntun, þar af um 40 starfandi tannsmiðir. Öruggar tölur um þetta eru ekki fyrir hendi. Tannsmiðir starfa nú bæði hjá tannlæknum og reka sjálfstæðar tannsmiðastofur.

Menntun tannsmiða mun nú vera þannig háttáð að tannlæknar taka nema til náms. Yfirleitt mun gerður skriflegur samningur við nemann og námstími vera þrjú ár. Tannlæknar hafa á eigin kostnað haldið uppi skóla til að mennta nemana í bóklefum og verklegum fræðum og hefur sá námstími verið einn mánuður á ári. Lokapróf hefur farið fram frá skóla þessum, bæði verklegt og munnlegt.

Með reglugerð nr. 323/1972 var tannsmíði gerð að iðngrein, sbr. reglugerð nr. 268/1974, 2. gr. og 5. gr. Með reglugerð nr. 92/1974, sem talin er sett samkv. heimild í lögum nr. 64/1971, er það m.a. gert að skilyrði fyrir því að maður megi kalla sig tannsmíð og starfa að tannsmíði að hann hafi fengið til þess löggildingu heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra.“

Það er álit menntamálaráðuneytisins að meðan tannsmiðir sinni tannsmíði einvörðungu sé eðlilegt að líta á tannsmíði sem iðngrein, en fari svo að tannsmiðir fái heimild til að móta tennur í munn viðskiptavina að einhverju leyti á eigin ábyrgð, þá falli greinin undir ákvæði um heilbrigðisstéttir.

Um menntun tannsmiða og menntunaraðstöðu segir svo í greinargerð nefndarinnar:

„Það er sameiginlegt álit allra nefndarmanna að stefna verði að bættri menntun tannsmiða. Því marki verði best náð með því að stofna tannsmiðaskóla sem rekinn verði í tengslum við tannlæknadeild Háskóla Íslands. Með því myndi verða hægt að nýta þá kennslukrafta sem til eru en þess ber að gæta að skortur er á mönnum til kennslu í þessum fræðum öllum. Skóli þessi myndi ekki verða stór. Gert er ráð fyrir að í hverjum árgangi yrðu 6—8 nemendur. Svo háttar nú að verið er að skipuleggja nýja byggingu fyrir tannlæknadeild. Er þess brýn þörf að þar verði gert ráð fyrir húsnæðisaðstöðu til menntunar tannsmiða.“

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Lagt er til að settur verði á fót sérstakur skóli til að mennta tannsmiði. Hér að íraman hefur því verið lýst að rétt sé að skóli þessi verði í nánnum tengslum við tannlæknadeild H.Í. Myndi með því nýtast betur kennslukraftur og auk þess tryggð sambæfð þekking og þjálfun tannsmiða og tannlækna en þessar tvær stéttir verða að starfa saman. Vegna þessa og óhjákvæmilegra tengsla við Háskólann er lagt til að skólanefnd sé að nokkru skipuð eftir tilnefningu háskólaráðs og tannlæknadeildar. Þá er þess að gæta að nú er verið að skipuleggja nýja byggingu fyrir tannlæknadeild og þarf að gera ráð fyrir húsrými og aðstöðu fyrir menntun tannsmiða.

Gert er ráð fyrir að nemar skólans kjósi einn mann úr sínum hópi í skólanefnd. Skóli þessi myndi ekki verða stór, líklega um 6—8 nemar í hverjum árgangi. Hugsað er að skólinn gæti tekið til starfa síðla árs 1978.

Um 2. gr.

Þarfnast ekki skýringa.

Um 3. gr.

Gert er ráð fyrir að skólanefnd geri tillögur um allt skipulag skólans. Er ekki rétt að slíkt sé fast skorðað í lögum þar sem um nýmæli er að ræða og vænta má örra breytinga á námsefni og námskröfum fyrstu árin.

Um 4. gr.

Lagt er til, að námstíminn verði þrjú ár og námið verði innt af hendi í skólanum sjálfum. Þó megi skólanefnd ákveða að nemar fái verkþjálfun á tannsmiðastofum og hjá tannlæknum. Skólanefnd verður þá að afla nemunum þjálfunar- aðstöðu og semja við þá aðila er hlut eiga að máli um kjör öll.

Um 5. gr.

Þarfnast ekki skýringa.

Um 6. gr.

Þarfnast ekki skýringa.

Um 7. gr.

Þeir menn, sem lokið hafa prófi frá tannsmiðaskólanum, mega kalla sig tannsmiði. Starfsheimild þeirra er þó takmörkuð við störf undir stjórn annarra aðilja, annaðhvort tannsmiða, er fengið hafa fyllri réttindi, sbr. 8. gr., eða tannlækna.

Þrátt fyrir þessa takmörkun er lagt til að heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra geti veitt þessum mönnum leyfi til þess að reka tannsmiðastofu að fengnum meðmælum skólanefndar, þó aðeins um takmarkaðan ákveðinn tíma og á tilteknu landsvæði. Er þetta hugsað sem bráðabirgðaráðstöfun í byggðalögum þar sem erfitt er að fá fullhæfa menn til starfa.

Um 8. gr.

Þegar tannsmiður hefur lokið prófi, starfað að tannsmiðum um þriggja ára skeið hjá tannlækni eða á tannsmiðastofu og lokið framhaldsmenntun er lagt til að skólanefnd geti veitt honum heimild til að veita tannsmiðastofu forstöðu, sbr. 9. gr. Skólanefnd mun ákveða námsefni þessara manna.

Um 9. gr.

Tannsmiður, sem lokið hefur framhaldsnámi, getur veitt forstöðu tannsmiðastofu en það er starfsstofa þar sem unnið er að tannsmiðum án tillits til starfs-

mannafjölda. Með hliðsjón af eðli starfs þessa þykir rétt að heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra veiti þessum stofum rekstrarheimild og myndi því setja reglur um búnað og heilbrigðishætti á þeim.

Um 10.—12. gr.

Þarfnast ekki skýringa.

Um ákvæði til bráðabirgða.

- I. Hér er lagt til að skólanefnd taki ákvörðun um starfsréttindi þeirra tannsmiða er nú starfa.
- II. Vitað er að nokkrir menn eru í tannsmiðanámi nú. Ekki er ljóst hvað þeir eru margir þar sem engin skráning námssamninga hefur farið fram. Er miðað við að þessir menn haldi áfram verklegu námi sínu hjá tannlæknum en skólanefnd sjái þeim fyrir kennslu í bóklegum fræðum og skipuleggi próf þeirra.

Þar sem miðað er við að tannsmiðaskólinn taki ekki til starfa fyrr en í fyrsta lagi á árinu 1978 verður að gera ráð fyrir að tannlæknar eða meistarar í tannsmiðaiðn taki nema til þess tíma.

Slíkur námssamningur skal þó því aðeins vera gildur að skólanefnd samþykki hann. Þá er lagt til að eftir að tannsmiðaskólinn er tekinn til starfa geti skólanefnd slitið námssamningi og veitt nemum inngöngu í skólann.

Eftir að tannsmiðaskólinn er tekinn til starfa er öllum óheimilt að taka tannsmiðaiðnnema til iðnnáms. Miðað er við að verið geti að einhverjum tannsmiðum verði veitt meistararéttindi. skv. reglugerð nr. 268/1974, 2. gr. og 5. gr.